

## Samkomulag um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga árin 2017-2021

á grundvelli 11. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015

1. gr.

### *Forsendur og markmið*

Forsendur og markmið þessa samkomulags byggjast á lögum um opinber fjármál nr. 123/2015 um að ríki og sveitarfélög stuðli að góðri hagstjórn og styrkri og ábyrgri stjórn opinberra fjármála. Í því skyni verði mótuð heildstæð stefnumörkun í opinberum fjármálum til lengri og skemmri tíma. Vandað verði til undirbúnings áætlana og lagasetningar sem varðar efnahag opinberra aðila og öflun og meðferð opinbers fjár. Stefnt er að skilvirkri og hagkvæmri opinberri fjárfstjórn og starfsemi. Jafnframt að eftirlit með stjórn og ráðstöfun opinbers fjár, eigna og réttinda verði traust.

2. gr.

### *Samskipti og samráð ríkis og sveitarfélaga*

Samkomulagið er gert á grundvelli 11. gr. laga um opinber fjármál þar sem kveðið er á um að tryggt skuli formlegt og reglubundið samstarf við sveitarfélög af fjármála- og efnahagsráðherra, í samráði við ráðherra sveitarstjórnarmála, um mótun fjármálastefnu og fjármálaáætlunar í samræmi við skilgreiningar þessara þátta í lögnum.

3. gr.

### *Þróun samstarfs og samkomulags*

Samkomulagið er niðurstaða samráðs aðila og felur í sér sameiginlegan skilning á markmiðum ríkis og sveitarfélaga í opinberum fjármálum. Samkomulagið er hið fyrsta sem gert er á grundvelli laga um opinber fjármál og er það sameiginlegur skilningur að samstarf aðila og efni og framkvæmd samkomulagsins þurfi að þróa á samningstímanum til undirbúnings fyrir gerð næsta samkomulags að ári. Stefnt er að því að samkomulag liggji fyrir í marsmánuði ár hvert.

4. gr.

### *Efnahagsforsendur og hagstjórnarleg markmið*

Efnahagsforsendur samkomulagsins verður að skoða í ljósi margra ára samfellds hagvaxtartímabils á Íslandi, m.v. undangengin ár og spár fyrir komandi ár. Því fylgir aukin spennan á vinnumarkaði með hættu á að ósjálfbærar launahækkningar á hluta tímabilsins ógni stöðugleika. Reynt er að forðast að fjárfestingaráform opinberra aðila auki spennu í efnahagskerfinu en lögð áhersla á aðhald í opinberum fjármálum á tímabilinu sem skapar svigrúm ríkis og sveitarfélaga til að mæta niðursveiflu síðar meir og milda áhrif hennar. Æskilegt er að aukið svigrúm skapist fyrir fjárfestingar hins opinbera eftir því sem líður á gildistíma fjármálaáætlunar en slíkt er háð stöðu efnahagsmála og afkomu hins opinbera.

5. gr.

### *Afkomuhorfur og afkomumarkmið*

Afkomuhorfur hins opinbera eru tiltölulega jákvæðar en þó eru þær heldur lakari en æskilegt væri út frá sjónarmiði hagstjórnar. Ríki og sveitarfélög eru sammála um eftirfarandi afkomumarkmið sem byggja á grunnildum um sjálfbærni, varfærni, stöðugleika, festu og gagnsæi:

- a. Heildarafkoma hins opinbera (A-hluta) verði jákvæð árin 2017-2021.
- b. Heildarafkoma A-hluta sveitarfélaga verði í jafnvægi og stuðli þannig að efnahagslegum stöðugleika. Heildarafkoma B-hluta sveitarfélaga verði jákvæð, sbr. fyrirbyggjandi áætlanir.
- c. Rekstur sveitarfélaga verði sjálfbær í þeim skilningi að skuldir þeirra sem hlutfall af VLF hækki ekki og stefnt verði að því að þær fari heldur lækkandi.
- d. Rekstri sveitarfélaga verði haldið innan varúðarmarka í þeim skilningi að tekjuáætlun sé varfærin, útgjaldaáætlun sé raunsæ og að sveitarfélög gangist ekki undir skuldbindingar sem raski forsendum í rekstri og afkomu til lengri tíma.

Ofangreind markmið byggja á fyrirbyggjandi langtímafjárhagsáætlunum sveitarfélaga en fjallað er um þær í 5. kafla fjármálaáætlunar. Bæði er byggt á áætlunum sveitarfélaga og reiknilíkani sem byggir á þjóðhagsforsendum. Gerður er fyrirvari um nákvæmni og gæði gagna.

Einn meginþáttur þessa samkomulags felst í þeim skilningi aðila að sú skuldbinding sveitarfélaga að virða fjármálareglur sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 tryggivið ríkjandi aðstæður ásættanlega afkomu sveitarfélaga í samræmi við þetta samkomulag. Í því ljósi verður ekki séð að þörf sé á sérstökum ráðstöfunum til að tryggja að markmið um afkomu sveitarfélaga náist.

#### 6. gr.

##### *Sameiginleg verkefni ríkis og sveitarfélaga*

Á gildistíma samkomulagsins eru ríki og Samband íslenskra sveitarfélaga, f.h. sveitarfélaga, sammála um að vinna saman að eftirtöldum viðfangsefnum:

- a. Skoðun á tekjustofnum sveitarfélaga, uppruna tekna og dreifingu þeirra og mögulegri styrkingu þeirra reynist þess þörf, þ.m.t. með bættum skattskilum.
- b. Greiningu útgjaldaþróunar einstakra þjónustubátta hjá sveitarfélögum.
- c. Bættum gögnum um afkomu og áætlanir sem mynda forsendur fjármálaáætlunar.
- d. Þjónustu við aldrað fólk með sérstöku tilliti til reksturs hjúkrunarheimila þar sem fjallað verði um eftirgreinda þætti:
  - i. Hækkun framlaga til reksturs hjúkrunarheimila.
  - ii. Aukna áherslu á heimaþjónustu.
  - iii. Önnur verkefni, s.s. lífeyrisskuldbindingar, mat á vexti þjónustunnar o.fl.
- e. Farið verði yfir verkaskiptamál með sérstakri áherslu á að skýra svokölluð grá svæði milli ríkis og sveitarfélaga hvað varðar ábyrgð og fjármögnun, einkum innan velferðarþjónustunnar.
- f. Samhliða verði unnið að því að greina hvort lög og stjórnvaldsfyrirmæli leggi íþyngjandi skyldur á sveitarfélög sem auki kostnað án þess að áhrif á gæði og árangur séu skýr. Sams konar áhrifamat fari fram vegna nýrra lagafrumvarpa og reglugerðardraga.
- g. Mótað verði skýrt vinnuferli og þróaður framsetningarmáti varðandi niðurstöður kostnaðarmats laga, stjórnvaldsfyrirmæla og annarra stefnumarkandi ákvarðana af hálfu stjórnvalda ríkisins, er hafa áhrif á tekjur og útgjöld sveitarfélaga í samræmi við 129. gr. sveitarstjórnarlaga, og ferli til að ákvarða fjármögnun þeirra.
- h. Áfram verði unnið að mótun framtíðarfyrirkomulags sjálfsbærs lífeyriskerfis fyrir opinbera starfsmenn.
  - i. Haldið verði áfram að efla samráð og samvinnu ríkis og sveitarfélaga á sviði kjaramála.
  - j. Ríki og sveitarfélög skoði í sameiningu mögulegar nýjungar í opinberri starfsemi og innviðafjárfestingu.

7. gr.

*Gildissvið gagnvart sveitarfélögum*

Aðilar þessa samkomulags hafa þann sameiginlega skilning að samkomulag þetta bindi ekki ákvarðanir einstakra sveitarfélaga. Á hinn bóginn felur það í sér að Samband íslenskra sveitarfélaga beiti sér fyrir því að sveitarfélögin muni sem heild haga fjármálum sínum þannig að þau virði ákvæði og forsendur þessa samkomulags.

8. gr.

*Gildistími*

Samkomulag þetta gildir til eins árs og verður endurnýjað í marsmánuði 2017.

Reykjavík 18. apríl 2016




fjármála- og efnahagsráðherra



innanríkisráðherra



formaður sambandsins



framkvæmdastjóri sambandsins

